

**FRAMSELD TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2018/737****2018/EES/72/12****frá 27. febrúar 2018**

um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý í lóðningarefni til lóðunar á skífulaga og flötum, marglaga keramikþéttum með málmhúðuðum götum, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB frá 8. júní 2011 um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði ⁽¹⁾, einkum a-lið 1. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 2011/65/ESB er þess krafist að aðildarríkin tryggi að raf- og rafeindabúnaður, sem settur er á markað, innihaldi ekki blý.
- 2) Með 24. lið í III. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB er veitt undanþága fyrir notkun blýs í lóðningarefni til lóðunar á skífulaga og flötum, marglaga keramikþéttum til 21. júlí 2016. Framkvæmdastjórninni barst umsókn um endurnýjun á þessari undanþágu í tengslum við 1.–7. flokk og 10. flokk fyrir 21. janúar 2015, í samræmi við 5. mgr. 5. gr. tilskipunar 2011/65/ESB.
- 3) Skífulaga og flatir þéttar eru afleiður marglaga keramikþétta. Um er að ræða sérstaka þétta, sem notaðir eru í síur gegn rafsegultruflunum, og tengla, sem eru síaðir gegn rafsegultruflunum, fyrir hátækni, þar sem mikilvægt er að koma í veg fyrir rafmagnstruflanir. Algennt er að samsetningar, sem innihalda þessa íhluti, séu notaðar í hljóðbúnað til faglegra nota, vöktunarkerfi fyrir siglingar og myndeftirlitskerfi.
- 4) Lóðningarefni sem innihalda blý og eru notuð í skífulaga og flata þétta gefa hentugt bræðslumark ásamt mótanleika. Mótanleiki lóðningarefnisins kemur í veg fyrir að keramiklagið springi við og eftir lóðun vegna mismunandi hitastigs í keramikþéttinum og koparsplittinu.
- 5) Sem stendur er vísindalega og tæknilega ekki mögulegt að skipta út blýi.
- 6) Þar eð engir nægilega áreiðanlegir staðgöngukostir eru í boði á markaði fyrir viðkomandi notkun í 1.–7. flokki og 10. flokki eða verði líklega í boði á markaði í náninni framtíð er gildistími til 21. júlí 2021 réttlætunlegur. Að því er varðar aðra flokka en 1.–7. flokk og 10. flokk gildir núverandi undanþága samkvæmt gildistíma sem settur er fram í annarri undirgrein 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 2011/65/ESB.
- 7) Því ætti að breyta tilskipun 2011/65/ESB til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum III. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnisýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. júní 2019. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 1. júlí 2019.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 123, 18.5.2018, bls. 97. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 210/2018 frá 26. október 2018 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 88.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni texta helstu ákvæða í landslögum sem þau samþykkja á því sviði sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 27. febrúar 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Í stað 24. liðar III. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB komi eftirfarandi:

„24	Blý í lóðningarefni til lóðunar á skífulaga og flötum, marglaga keramikþéttum með málmhúðuðum götum	Fellur úr gildi: — 21. júlí 2021 að því er varðar 1.–7. flokk og 10. flokk, — 21. júlí 2021 að því er varðar 8. og 9. flokk, að undanskildum lækningatækjum til sjúkdómsgreiningar í glasi og vöktunar- og eftirlitstækjum í iðnaði, — 21. júlí 2023 að því er varðar 8. flokk, lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi, — 21. júlí 2024 að því er varðar 9. flokk, vöktunar- og eftirlitstæki í iðnaði, og að því er varðar 11. flokk.“
-----	---	--